DÓMUR DÓMSTÓLSINS
25. mars 2013[*]

(Tilskipun 91/533/EBE – Skylda til að upplýsa launþega – Breytingar á skriflegum ráðningarsamningi – Áhrif þess að breytingar eru ekki tilkynntar)

Mál E-10/12,

BEIÐNI, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Héraðsdómi Reykjavíkur, í máli sem þar er rekið

Yngvi Harðarson

gegn

Askar Capital hf.

varðandi túlkun á tilskipun ráðsins 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi.

DÓMSTÓLLINN,

skipaður dómurunum Carl Baudenbacher, forseta, Per Christiansen, framsögumanni, og Páli Hreinssyni,

dómritari: Gunnar Selvik,

hefur, með tilliti til skriflegra greinargerða frá:

- Sóknaraðila, Yngva Harðarsyni, í fyrirsvari er Hildur Sólveig Pétursdóttir, hrl.
- Varnaraðila, Askar Capital hf., í fyrirsvari er Stefán Geir Þórisson, hrl.

[*] Beiðni um ráðgefandi álit á íslensku.

- Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“), í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Xavier Lewis, framkvæmdastjóri lögfræði- og framkvæmdasviðs, ásamt Clémence Perrin og Mariu Moustakali lögfræðingum, á sama sviði.

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“), í fyrirsvari sem umboðsmaður er Johan Enegren, hjá lagaskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar.

með tilliti til skýrslu framsögumanns,

og munnlegs málflutnings umboðsmanns sóknaraðila, Hildar Sólveigar Pétursdóttur, umboðsmanns varnaraðila, Stefáns Geirs Þórissonar, fulltrúa ESA, Clémence Perrin, og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, Johan Enegren, sem fram fór 1. mars 2013,

kveðið upp svofelldan

Dóm

I Löggjöf

EES-réttur

1 Tilskipun ráðsins 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi („tilskipunin“) (OJ 1991 L288, bls. 32) var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 en með þeirri ákvörðun var XVIII. viðauka EES-samningsins breytt.

2 Í 1. gr. tilskipunarinnar segir svo um gildissvið hennar:

> *1. Þessi tilskipun gildir um sérhvern launþega sem er ráðinn samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarfyrirkomulagi sem er skilgreint í gildandi lögum aðildarríkis og/eða heyrir undir gildandi lög í aðildarríki.*
>
> ...

3 Um upplýsingaskyldu segir í 2. gr. tilskipunarinnar:

> *1. Vinnuveitanda ber skylda til að skýra launþega sem heyrir undir þessa tilskipun, hér á eftir nefndur „launþeginn“, frá helstu ákvæðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags.*
>
> *2. Í upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. skal að minnsta kosti eftirfarandi koma fram:*
>
> ...

h) upphafsgrunnlaun, aðrir launaþættir sem launþegi á rétt á og hve oft launagreiðslur fara fram;

...

4 Um breytingar er fjallað í 5. gr. tilskipunarinnar en þar segir:

1. Vinnuveitanda ber að skýra launþega frá sérhverri breytingu sem er gerð á atriðunum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 4 gr. í skriflegu skjali við fyrstu hentugleika og eigi síðar en einum mánuði eftir að breytingin kemur til framkvæmda.

...

5 Um form og sönnun á því að ráðningarsamningur eða ráðningarfyrirkomulag sé fyrir hendi ásamt reglum þar að lútandi er fjallað í 6. gr. tilskipunarinnar en þar segir:

Þessi tilskipun er með fyrirvara um landslög og réttarvenju varðandi:

- form ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags,

- sönnun á því að ráðningarsamningur eða ráðningarfyrirkomulag sé fyrir hendi og efni þess,

- reglur þar að lútandi.

6 Um tryggingu réttinda er fjallað í 8. gr. tilskipunarinnar:

1. Aðildarríkin skulu taka upp ákvæði í innlendu réttarkerfi sem gera öllum launþegum, sem telja á sér brotið vegna þess að ekki sé farið að kröfum þessarar tilskipunar, kleift að sækja rétt sinn samkvæmt gildandi réttarreglum, hugsanlega eftir að hafa lagt málið fyrir önnur lögbær yfirvöld.

...

Landsréttur

7 Tilskipunin var innleidd í íslenska löggjöf með auglýsingu nr. 503/1997, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 30. júní 1997. Að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launþega var ákveðið að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd með kjarasamningum í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar.

8 Samkvæmt íslenskum lögum eru engar almennar kröfur gerðar um form ráðningarsamninga, þótt dæmi um slíkt finnist á sumum sviðum. Í þessu felst meðal annars að munnlegir samningar eða samningar gerðir með aðstoð rafrænna miðla geta verið gildir.

II Málavextir og meðferð málsins

9 Hinn 18. desember 2006 gerðu aðilar málsins með sér ráðningarsamning sem tók gildi 1. janúar 2007. Í 2. gr. samningsins var kveðið á um tólf mánaða uppsagnarfrest. Samkvæmt 3. gr. samningsins skyldu mánaðarlaun sóknaraðila vera 15.000 evrur.

10 Á ráðningartímabilinu var mörgum atriðum samningsins breytt, þar á meðal starfsheiti og skyldum, launafjárhæð og í hvaða gjaldmiðli laun ættu að greiðast.

11 Sóknaraðili var upphaflega ráðinn sem framkvæmdastjóri ráðgjafar og áhættustýringar, en síðar gerður að framkvæmdastjóra áhættustýringar frá sumrinu 2007 og því næst að framkvæmdastjóra vogunarsjóðsdeildar frá og með júní 2008. Frá október 2008 til júlí 2010 gegndi hann loks stöðu framkvæmdastjóra áhætturáðgjafar.

12 Mánaðarlaun sóknaraðila voru frá janúar 2009 greidd í íslenskum krónum. Frá því í apríl 2009 voru launin, 15.000 evrur á mánuði, lækkuð niður í 1.500.000 krónur á mánuði (sem jafngildir um það bil 9.000 evrum á þágildandi gengi). Af þeim upplýsingum sem fylgja beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur um ráðgefandi álit verður ráðið að ágreiningur sé með aðilum um hvort slík breyting hafi verið tímabundin eða til frambúðar og um það hvenær hún hafi gengið í gildi. Það má rekja til þess að samningaviðræður fóru fram munnlega og í tölvupósti frá desember 2008 til nóvember 2009.

13 Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði varnaraðila slitastjórn 14. júlí 2010.

14 Með bréfi sóknaraðila til slitastjórnar varnaraðila, dags. 26. júlí 2010, lýsti sóknaraðili því yfir að hann teldi varnaraðila hafa vanefnt samning þeirra og að hann myndi ekki samþykkja að vikið yrði frá ákvæðum skriflegs ráðningarsamnings um kjör sín, meðal annars hvað varðar laun. Með bréfi slitastjórnar varnaraðila, dags. 27. júlí 2010, var endir bundinn á ráðningarsamning sóknaraðila með því að honum var tilkynnt að slitastjórnin tæki ekki við réttindum og skyldum samkvæmt samningnum.

15 Hinn 18. nóvember 2010 lýsti sóknaraðili kröfu á hendur varnaraðila um laun á uppsagnarfresti, auk orlofs og tryggingagjalds, alls að fjárhæð 252.836 evrur. Krafan miðaðist við 12 mánaða uppsagnarfrest og mánaðarlaun að fjárhæð 15.000 evrur, í samræmi við ráðningarsamninginn. Kröfunni var lýst sem forgangskröfu samkvæmt íslenskum gjaldþrotaskiptalögum.

16 Slitastjórn varnaraðila hafnaði kröfu sóknaraðila á grundvelli þess að útreikningur kröfunnar hefði, frá apríl 2009, átt að miðast við mánaðarlaun að fjárhæð 1.500.000 krónur.

17 Vegna þessa lækkaði slitastjórn varnaraðila kröfu sóknaraðila úr 252.386 evrum í 150.023 evrur. Enn fremur flokkaði hún ekki kröfuna sem forgangskröfu heldur

sem almenna kröfu. Sóknaraðili mótmælti afstöðu slitastjórnar varnaraðila bæði að því er laut að stöðu kröfu hans sem almennrar kröfu (beiðnin um ráðgefandi álit tekur ekki til þess atriðis) og fjárhæð kröfunnar.

18 Eftir að sáttatilraunir höfðu reynst árangurslausar var ákveðið að vísa ágreiningnum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

19 Í máli því sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur óskaði sóknaraðili þess að tveimur spurningum yrði vísað til EFTA-dómstólsins. Með fyrstu spurningunni óskaði sóknaraðili í grundvallaratriðum eftir því að héraðsdómur leitaði skýringa á því hvort tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/94/EB frá 22. október 2008 um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota (OJ 2008 L 283, bls. 36) („tilskipun 2008/94“), sérstaklega c-liður 12. gr. hennar, girti fyrir að krafa launþega teldist ekki forgangskrafa við gjaldþrotaskipti eins og þau sem um ræðir í máli þessu.

20 Sóknaraðili lagði til aðra spurningu, þar sem dómstólinn er í meginatriðum beðinn um að skýra afleiðingar þess að ekki sé tilkynnt um breytingar á ráðningarsamningi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 91/533.

21 Með úrskurði 7. júní 2012 hafnaði héraðsdómari beiðninni.

22 Sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurðinn með dómi 27. ágúst 2012, hvað fyrri spurninguna varðar, með vísan til 3. málsliðar formálsorða tilskipunar 2008/94. Hæstiréttur felldi hins vegar úrskurð héraðsdóms úr gildi, að því er laut að annarri spurningu sóknaraðila, og ákvað að leitað skyldi ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um þá spurningu sem lýtur að lækkun á kröfu sóknaraðila.

23 Þann 14. september 2012 beindi Héraðsdómur Reykjavíkur eftirfarandi spurningu til dómstólsins:

> *Ber að skýra ákvæði tilskipunar 91/533/EBE 14. október 1991, um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, á þann veg, þar með talið við gjaldþrotaskipti eða sambærileg skipti á hlutafélagi, að bætur til launþega skuli metnar á grundvelli skriflegs ráðningarsamnings, hafi launþeganum ekki verið afhent skriflegt skjal um breytingar sem kunna að hafa verið gerðar, tímabundið eða varanlega, á meginatriðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags aðila innan tímamarka samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar?*

24 Þann 28. nóvember 2012 skilaði ESA Íslandi rökstuddu áliti varðandi innleiðingu 8. gr. tilskipunarinnar. Sú málsmeðferð vegna brots á samningsskyldum hefur engin áhrif á mál þetta.

25 Vísað er til skýrslu framsögumanns um frekari lýsingu löggjafar, málsatvika, meðferðar málsins og skriflegra greinargerða sem dómstólnum bárust, sem verða ekki nefnd eða rakin nema að því leyti sem forsendur dómsins krefjast.

III Spurningin sem beint var til dómstólsins

26 Spurning landsdómstólsins lýtur í meginatriðum að því hvort, og þá að hvaða marki, það hafi áhrif á útreikning greiðslu til launþega við gjaldþrotaskipti eða sambærileg skipti á hlutafélagi, ef launþeganum hefur ekki verið afhent skriflegt skjal um breytingar sem geta haft áhrif á fjárhæð greiðslu innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunarinnar.

Athugasemdir bornar fram við EFTA-dómstólinn

27 Sóknaraðili telur að túlka beri ákvæði tilskipunarinnar með þeim hætti að ef hlutafélag er tekið til gjaldþrotaskipta eða sambærilegra skipta, skuli miða greiðslur til launþega, þar með talið orlof og laun á uppsagnarfresti, við skriflegan ráðningarsamning.

28 Sóknaraðili bendir á að samkvæmt formálsorðum tilskipunarinnar sé markmið hennar að sett verði ákvæði um formlegar kröfur sem gildi um ráðningarfyrirkomulag. Sóknaraðili telur það í samræmi við ofangreint markmið að í 5. gr. tilskipunarinnar sé kveðið á um að vinnuveitanda beri að skýra launþega frá sérhverri breytingu sem er gerð á samningnum, í skriflegu skjali, eigi síðar en einum mánuði eftir að breytingin kemur til framkvæmda.

29 Sóknaraðili telur jafnframt að vinnuveitanda beri skylda til þess samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, að upplýsa launþega með skýrum hætti um meginatriði ráðningarsamnings. Afstaða varnaraðila til kröfu hans sé því brot á 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. tilskipunarinnar. Hann telur þá staðreynd að hann hafi samþykkt að vikið væri frá ráðningarsamningnum í formi lækkunar á grunnlaunum, frá mánuði til mánaðar, engu breyta um skyldu varnaraðila til að greiða honum grunnlaun (15.000 evrur) og orlof á tólf mánaða uppsagnarfresti þeim sem kveðið er á um í samningnum.

30 Að mati sóknaraðila breytir 6. gr. tilskipunarinnar ekki þessari niðurstöðu. Í 6. gr. segir að tilskipunin sé með fyrirvara um landslög og réttarvenju, meðal annars varðandi sönnun á því að ráðningarsamningur eða ráðningarfyrirkomulag sé fyrir hendi. Hann telur ákvæðið hins vegar ekki gilda um breytingar á gildandi samningi, sem verður að gera með skriflegu skjali, samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar.

31 Enn fremur heldur sóknaraðili því fram að þegar vinnuveitandi verður gjaldþrota eða ógjaldfær missi launþegar ekki þá vernd sem þeim er veitt samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt sóknaraðila leiðir þetta af 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2008/94.

32 Varnaraðili, ESA og framkvæmdastjórnin telja að þótt ekki hafi verið minnst á einn af meginþáttum samnings í skriflegu skjali í skilningi 2. gr. tilskipunarinnar, þá leiði það ekki af tilskipuninni að þeim þætti skuli ekki beitt.

33 Varnaraðili, ESA og framkvæmdastjórnin benda á að sú krafa sé gerð í 2. og 5. gr. tilskipunarinnar að vinnuveitandi skýri launþega skriflega frá meginatriðum ráðningarsamnings, eða breytingum sem gerðar eru á þeim, innan tilgreinds tímaramma. Hins vegar telja þau að ákvæði tilskipunarinnar hafi engin áhrif á efnisákvæði ráðningarsamningsins.

34 Samkvæmt varnaraðila, ESA og framkvæmdastjórninni er það ekki markmið hinnar skriflegu yfirlýsingar sem tilskipunin mælir fyrir um að efni ráðningarsamninga varðandi þætti eins og launagreiðslur sé samræmt. Ákvæði 6. gr. kveði á um að tilskipunin gildi með fyrirvara um landslög og réttarvenju varðandi form ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags og reglur þar að lútandi. Ákvæðið gefi til kynna að færa megi sönnun fyrir því að ráðningarsamningur eða ráðningarfyrirkomulag sé fyrir hendi með sérhverjum hætti sem landsréttur heimilar, óháð því hvort fyrir liggi skrifleg sönnun frá vinnuveitanda.

35 Varnaraðili, ESA og framkvæmdastjórnin benda á að ekki sé gert ráð fyrir úrbótum eða viðurlögum í tilvikum þar sem skriflegri tilkynningarskyldu um breytingar á ráðningarsamningnum er ekki sinnt í samræmi við 5. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt 8. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum þess í stað látið eftir að kveða á um beitingu réttarbóta vegna brots á skyldum sem kveðið er á um í tilskipuninni. Þau telja það því vera hlutverk löggjafans í aðildarríkinu að gera viðeigandi ráðstafanir sem gera launþegum, sem telja á sér brotið vegna þess að ekki sé farið að kröfum tilskipunarinnar, kleift að sækja rétt sinn fyrir dómstólum, hugsanlega eftir að hafa lagt málið fyrir önnur lögbær yfirvöld.

36 Að mati ESA er stefnt að því með tilskipuninni að tryggja að dómstólar aðildarríkjanna beiti og túlki reglur landsréttar um sönnun í samræmi við markmið tilskipunarinnar. Þetta markmið sé að veita launþegum aukna vernd gegn hugsanlegum brotum gegn réttindum þeirra. Tilskipunin leysir því hvorugan aðilann undan skyldum samkvæmt samningnum, jafnvel þótt varnaraðili hafi vanrækt þá skyldu að veita sóknaraðila þær upplýsingar sem honum bar samkvæmt ákvæði hennar.

Álit dómstólsins

37 Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd er í 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sérstaklega kveðið á um hvernig haga skuli samstarfi dómstólsins og landsdómstóla þannig að síðarnefndu dómstólunum sé látin í té sú túlkun á atriðum EES-réttar sem nauðsynleg er til að þeir geti dæmt í málum sem rekin eru fyrir þeim (sjá mál E-1/94 *Ravintoloitsijain Liiton Kustannus Oy Restamark* [1994-1995] EFTA Ct. Rep. 15, 25. mgr., E-1/95 *Samuelsson* [1994-1995] EFTA Ct. Rep. 145, 13. mgr., og E-1/11 *Dr A* [2011] EFTA Ct. Rep. 484, 34. mgr.).

38 Samkvæmt þessu fyrirkomulagi um samstarf dómstóla sem hefur það markmið að tryggja einsleita túlkun EES-samningsins er það einungis landsdómstólsins, sem málið hefur verið lagt fyrir og axla verður ábyrgð á eftirfarandi dómsniðurstöðu, að meta bæði þörfina á ráðgefandi áliti til að hann geti kveðið upp dóm og mikilvægi spurninganna sem hann vísar til EFTA-dómstólsins í ljósi þeirra tilteknu aðstæðna sem uppi eru í hverju máli (sjá mál E-17/11 *Aresbank*, óbirtur dómur frá 22. nóvember 2012, 43. mgr. og þau mál sem þar er vitnað til). Jafnvel þó að ákvörðunin um að óska eftir ráðgefandi áliti sé í reynd oft tekin að beiðni annars eða beggja aðila í innlendu málsmeðferðinni er þetta samstarf dómstólsins og landsdómstólsins algerlega óháð frumkvæði aðilanna (sjá óbirt mál E-18/11 *Irish Bank*, frá 28. september 2012, 55. mgr.).

39 Til þess að unnt sé að veita landsdómstólum EFTA-ríkjanna aðstoð í málum þar sem þeir þurfa að beita ákvæðum EES-réttar, tekur dómstóllinn mið af öllum atriðum sem landsdómstóll leggur fram í beiðni um ráðgefandi álit. Er þá einkum litið til rökstuðningsins að baki ákvörðuninni um að leita ráðgefandi álits, svo og þeirra þátta EES-réttar sem nauðsynlegt er að túlka að teknu tilliti til sakarefnisins. Í því sambandi kann dómstóllinn að takmarka umfjöllun sína og túlkun við þau ákvæði EES-réttar sem nýtast landsdómstólnum sem hefur það verkefni að túlka ákvæði landsréttar og taka afstöðu til hvernig þau samræmast EES-rétti (sjá áður tilvitnað mál *Irish Bank*, 56. mgr., og þau mál sem þar er vitnað til).

40 Í skriflegum og munnlegum málflutningi sínum fyrir dómstólnum hefur sóknaraðili haldið því fram að tilskipun 2008/94 hafi þýðingu fyrir niðurstöðu málsins sem rekið er fyrir landsdómstólnum þrátt fyrir úrskurð héraðsdóms frá 7. júní 2012, sem staðfestur var í Hæstarétti.

41 Að teknu tilliti til þess fyrirkomulags um samstarf dómstóla, sem lýst var í 38. til 40. mgr. hér að framan, verður að ganga út frá því fyrirfram að spurningar landsdómstóls um EES-rétt hafi þýðingu fyrir úrlausn málsins og eigi þar með erindi til dómstólsins. Telja verður að sömu sjónarmið eigi almennt við um það hvernig landsdómstólar hafa með rökstuddum hætti afmarkað efni og umfang þeirra spurninga sem vísað er til dómstólsins (sjá áður tilvitnað mál *Aresbank*, 44. mgr. og þau mál sem þar er vitnað til).

42 Dómstóllinn hefur ekki fundið neina ástæðu til að vefengja mat landsdómstólsins á því hvaða þýðingu tilskipun 2008/94 hafi um úrlausn málsins. Hann telur því enga þörf á að skoða röksemdir sóknaraðila nánar hvað þetta atriði snertir. Dómstóllinn mun því einvörðungu svara spurningunni með hliðsjón af tilskipun 91/553.

43 Eins og tekið er fram í 26. mgr. hér að framan lýtur spurning landsdómstólsins í meginatriðum að því hvort, og þá að hvaða marki, það hafi áhrif á útreikning greiðslu til launþega við gjaldþrotaskipti eða sambærileg skipti á hlutafélagi, ef launþeganum hefur ekki verið afhent skriflegt skjal um breytingar á ráðningarsamningi sem varða útreikning launa innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunarinnar.

44 Það er ljóst af formálsorðum tilskipunarinnar (1. og 3. málsliður) að þar sem nýjar tegundir starfa hafa komið fram í aðildarríkjunum hefur fjölbreytni ráðningarfyrirkomulags aukist. Þá er löggjöf EES-ríkjanna á þessu sviði innbyrðis ólík um ýmis grundvallaratriði, svo sem um skylduna að skýra launþegum skriflega frá helstu skilmálum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags.

45 Markmið tilskipunarinnar er að veita launþegum aukna vernd gegn brotum á réttindum þeirra og auka gagnsæi á vinnumarkaði (2. málsliður). Því er sú almenna krafa gerð á vettvangi EES-samningsins að sérhverjum launþega beri að fá í hendur skjal með upplýsingum um meginatriði í ráðningarsamningi hans eða ráðningarfyrirkomulagi (7. málsliður).

46 Í samræmi við þetta markmið er í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar kveðið á um þá meginreglu að vinnuveitanda beri skylda til að skýra launþega frá helstu ákvæðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags. Í 2. mgr. 2. gr. er listi, sem er ekki tæmandi, með þeim lágmarksupplýsingum sem fram skulu koma. Listinn tekur til launaþátta, lengd launaðs orlofs sem launþegi á rétt á og lengd uppsagnarfrests sem vinnuveitanda og launþega ber að virða.

47 Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar skal veita launþega upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 2. gr. með skriflegum ráðningarsamningi; ráðningarbréfi; og/eða einu eða fleiri skriflegum skjölum, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að starf hefst.

48 Enn fremur segir í 5. gr. tilskipunarinnar að vinnuveitanda beri að skýra launþega frá sérhverri breytingu á meginatriðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags í skriflegu skjali við fyrstu hentugleika og eigi síðar en einum mánuði eftir að breytingin kemur til framkvæmda.

49 Ef tilkynning hefur farið fram í samræmi við 3. og 5. gr. verður að ljá henni vægi sem sönnun á atvikum varðandi meginatriði ráðningarsamnings, þar á meðal verður að ganga út frá sannleiksgildi slíkrar tilkynningar með sama hætti og gert er með sambærileg skjöl að landsrétti (sjá, til samanburðar, sameinuð mál C-253/96 til C-258/96 *Kampelmann and Others* [1997] ECR I-6907, 30. – 34. mgr.).

50 Þetta mál snýst hins vegar um afleiðingar þess að slík tilkynning hefur ekki farið fram. Nánar lýtur málið að því hvort breyting á ráðningarsamningi skuli teljast ógild ef ekki hefur verið tilkynnt um hana með þeim hætti sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunarinnar.

51 Það leiðir af tilskipuninni að gera verður greinarmun á skilmálum ráðningarsamnings og á skyldu vinnuveitanda til að tilkynna launþega um skilmálana. Í ákvæðum tilskipunarinnar er gert ráð fyrir því að ráðningarsamningur eða breytingar á honum geti tekið gildi óháð skriflegri tilkynningu til launþega.

52 Það leiðir jafnframt með skýrum hætti af 2. málslið 6. gr. að tilskipuninni er ekki ætlað að hafa áhrif á reglur landsréttar um sönnunarfærslu um það að ráðningarsamningur eða ráðningarfyrirkomulag sé fyrir hendi. Ákvæðið bendir til þess að slík sönnunarfærsla geti farið fram með hverjum þeim hætti sem heimill er samkvæmt landslögum, jafnvel þótt engin skrifleg tilkynning frá vinnuveitanda liggi fyrir (sjá, til samanburðar, mál C-350/99 *Lange* [2001] ECR I-1061, 27. mgr.).

53 Engar reglur um sönnunarfærslu er að finna í tilskipuninni sjálfri. Þar af leiðandi getur sönnunarfærsla um meginatriði ráðningarsamnings eða ráðningar-fyrirkomulags ekki ráðist einvörðungu af tilkynningu vinnuveitanda samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 5. gr. tilskipunarinnar, eða því að farist hefur fyrir að senda slíka tilkynningu. Vinnuveitanda verður því að teljast heimilt að færa sönnur á hið gagnstæða með því að sýna fram á að upplýsingar í tilkynningu sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. hafi síðar verið breytt (sjá, til samanburðar, að breyttu breytanda, áður tilvitnað mál *Kampelmann and Others*, 34. mgr.).

54 Tilskipunin hefur með öðrum orðum engin áhrif á efnisákvæði ráðningarsamningsins. Dómstólum EES-ríkja er því heimilt að beita reglum landsréttar um sönnunarfærslu varðandi tilvist og efni ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags. Af því fyrirkomulagi sem lýst er í 3. og 5. gr. tilskipunarinnar leiðir að ekki er að þessu leyti gerður greinarmunur á tilvist ráðningarsamnings eða breytingum á efni hans.

55 Enn fremur segir í 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar að aðildarríkin skuli taka upp ákvæði sem gera öllum launþegum, sem telja á sér brotið vegna þess að ekki sé farið að kröfum tilskipunarinnar, kleift að sækja rétt sinn samkvæmt gildandi réttarreglum, hugsanlega eftir að hafa lagt málið fyrir önnur lögbær yfirvöld. Af því ákvæði leiðir að ekki er unnt að túlka tilskipunina með þeim hætti að vanræksla á því að veita launþega umræddar upplýsingar varðandi meginatriði ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags geri það að verkum að hið tiltekna atriði teljist ógilt. Tilskipunin eftirlætur aðildarríkjunum að ákvarða viðeigandi viðurlög í slíkum tilfellum, með því skilyrði að launþegar geti leitað réttar síns fyrir dómstólum (sjá, til samanburðar, áður tilvitnað mál *Lange*, 28. mgr.).

56 Af framansögðu leiðir, að ekki er gerð krafa um það, samkvæmt tilskipuninni, að breytingar á aðalatriðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags, sem ekki hefur verið minnst á í skriflegu skjali sem afhent hefur verið launþega, eða ekki er orðað með nægilega skýrum hætti í slíku skjali, verði taldar ógildar (sjá, til samanburðar, áður tilvitnað mál *Lange*, 29. mgr.).

57 Spurning héraðsdóms er borin upp í tengslum við mál sem varðar gjaldþrotaskipti. Tilskipunin gildir þó almennt um ráðningarsamband. Hún gildir því einnig um gjaldþrotaskipti eða sambærileg skipti á hlutafélagi.

58 Í ljósi þess sem rakið er hér að framan verður að svara spurningunni með eftirfarandi hætti:

Túlka verður ákvæði tilskipunar 91/533/EBE frá 14. október 1991, um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, á þann veg að í henni sé ekki gerð krafa um að greiðslur til launþega skuli metnar á grundvelli skriflegs ráðningarsamnings, hafi launþeganum ekki verið afhent skriflegt skjal um breytingar sem kunna að hafa verið gerðar, tímabundið eða varanlega, á meginatriðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags aðila innan tímamarka samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar. Þetta gildir einnig við gjaldþrotaskipti eða sambærileg skipti á hlutafélagi.

Málskostnaður

59 ESA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sem skilað hafa greinargerðum til dómstólsins skulu hvor bera sinn málskostnað. Þar sem um er að ræða mál sem er hluti af málarekstri fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur kemur það í hlut þess dómstóls að kveða á um kostnað málsaðila.

Með vísan til framangreindra forsenda lætur,

DÓMSTÓLLINN

uppi svohljóðandi ráðgefandi álit um spurningu þá sem Héraðsdómur Reykjavíkur beindi til dómstólsins:

> **Túlka verður ákvæði tilskipunar 91/533/EBE frá 14. október 1991, um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, á þann veg að í henni sé ekki gerð krafa um að bætur til launþega skuli metnar á grundvelli skriflegs ráðningarsamnings, hafi launþeganum ekki verið afhent skriflegt skjal um breytingar sem kunna að hafa verið gerðar, tímabundið eða varanlega, á meginatriðum ráðningarsamnings eða ráðningarfyrirkomulags aðila innan tímamarka samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar. Þetta gildir einnig við gjaldþrotaskipti eða sambærileg skipti á hlutafélagi.**

Carl Baudenbacher Per Christiansen Páll Hreinsson

Kveðið upp í heyranda hljóði í Lúxemborg 25. mars 2013.

Gunnar Selvik
Dómritari

Carl Baudenbacher
Forseti